



SIÐAREGLUR starfsfólks Pingeyjarsveitar

Í reglum þessum er skráð og skilgreind sú háttsemi sem öllu starfsfólki Pingeyjarsveitar ber að fylgja við störf sín.

Starfsfólki Pingeyjarsveitar ber að:

- Gegna störfum sínum af alúð og samviskusemi, án tillits til eigin hagsmuna eða persónulegra skoðana og gæta þess að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til starfsins á hverjum tíma.
- Gæta kurteisi og réttisýni, hafa í heiðri heiðarleika og sanngirni og starfa í anda jafnréttis.
- Sýna borgurum virðingu og umburðarlyndi og rækja störf sín af þjónustulund og ábyrgð.
- Upplýsa borgarana um réttindi þeirra og þjónustu sveitarfélagsins.
- Hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnslu í störfum sínum, gæta jafnræðis og þess að lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við meðferð og úrlausn mála.
- Leggja sig fram um að viðhalda faglegri hæfni sinni og þekkingu í starfi og auka við hana sjálfu sér og starfseminni til hagsbóta.
- Vinna saman af heilindum að settum markmiðum starfseminnar, sýna samstarfsfólki virðingu og virða verkaskiptingu.
- Virða þagnarskyldu um vitneskju sem það fær í starfi sínu og gæta ber trúnaðar um. Á starfsfólki hvílir þagnarskylda skv. X. kafla stjórnslulaga. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af störfum.
- Forðast að aðhafast nokkuð sem er því til vanvirðu eða álitshnekkis eða getur varpað rýrð á það starf eða starfsgrein er það vinnur við.
- Hafa skal í huga að allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ættarnis og stöðu að öðru leyti.
- Sýna ekki af sér hegðun sem fallið getur undir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi.
- Aðhafast ekkert það sem falið getur í sér misnotkun á almannafé.
- Misnota ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum hjá Pingeyjarsveit lýkur.
- Upplýsa um spillingu, ólögmæta eða ámælisverða háttsemi, sem það kann að verða vart við í störfum sínum.
- Forðast hagsmunaárekstra, þar með talið vegna persónulegra tengsla í störfum sínum og vekja athygli á því ef hætta er á þeim, þ.m.t. ef breytingar verða á högum þeirra sem gætu valdið slíkum hagsmunaárekstrum.
- Þiggja ekki gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum, birgjum eða þeim, er leita eftir þjónustu Pingeyjarsveitar, nema um sé að ræða óverulegar gjafir og ekki sé unnt að líta á þær sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu.
- Verði starfsmaður þess áskynja um að tiltekið háttsemi gangi gegn siðareglum starfsfólks Pingeyjarsveitar skal hann vekja athygli næsta stjórnanda eða staðgengils hans á því. Ef næsti

stjórnandi á í hlut, hefur hagsmuna að gæta eða er af öðrum ástæðum ekki bær til að taka við ábendingu, skal leitað til annars stjórnanda eða sveitarstjóra eftir því sem við á.

- Sá stjórnandi sem tekur við ábendingu skal eftir atvikum ræða hana við næsta yfirmann, sveitarstjóra eða staðgengil hans. Á þeim vettvangi skal lagt mat á umrætt háttæni og ákvörðun tekin um næstu skref. Ef unnt er, skal unnið að því að bæta úr umræddu háttæni. Ef um alvarlegt brot er að ræða, skal kanna hvort viðkomandi teljist jafnframt hafa brotið gegn starfsskyldum sínum eða mögulega gagnvart öðrum lögum.
- Starfsfólk geldur aldrei fyrir ábendingar um brot á siðareglum þessum eða fyrir það að leita réttar síns, telji það á sér brotið.

Siðareglur þessar voru samþykktar í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 27.02. 2025 og taka þegar gildi.